



Norðanverður Grafarvogur


Skóla- og frístundastarf haustið 2020

Fundur með íbúaráði Grafarvogs 24. september 2020

Soffía Pálsdóttir skrifstofustjóri frístundastarfs SFS

Soffía Vagnsdóttir skrifstofustjóri grunnskólastarfs SFS

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST





Forsagan

- Breytingar á skóla- og frístundastarfi í norðanverðum Grafarvogi voru samþykktar í borgarstjórn 19. nóvember 2019. Samþykkt var að tveir skólar, Borgaskóli og Engjaskóli verði fyrir nemendur í 1.-7. bekk og einn sameiginlegur nýsköpunarskóli, Víkurskóli, verði fyrir nemendur á unglingastigi í 8.- 10. bekk.
- Tvö frístundaheimili, Brosbær og Hvergiland, verði starfrækt í yngri barna skólunum og félagsmiðstöðin Vígyn í Víkurskóla fyrir börn og unglinga í 5. – 10. bekk.



Ferlið

- Settir voru af stað innleiðingarhópar fyrir hvern skóla auk yfirhóps.
- Þeir munu starfa í tvö ár
- Hlutverk þeirra er samkvæmt erindisbréfi
 - að vinna að markvissri og farsælli innleiðingu breytinga á skóla- og frístundastarfinu.
- Helstu verkefni/viðfangsefni:
 - að vinna að skipulagi skólahalds, hugmyndafræði, námskrá, kennsluháttum
 - að vinna að skipulagi frístundastarfs, hugmyndafræði, starfsháttum
 - að vinna að fyrirkomulagi skóla- og frístundastarfs innan skólabygginganna
 - samgöngumál í skólahverfinu



Fulltrúar í innleiðingarhópum

- Í hópunum sitja fulltrúar allra hagsmunaaðila hvers skóla:
 - stjórnendur skóla, frístundaheimila/félagsmiðstöðvar, fulltrúar nemenda, fulltrúar kennara, fulltrúar foreldra, fulltrúar annarra starfsmanna ásamt Ingvari Sigurgeirssyni prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands sérfræðingi í teymisvinnu og breytingum á skólastarfi,
 - Starfsmaður á skrifstofu skóla- og frístundasviðs styður við vinnu sérhvers innleiðingarhóps.



Yfirhópur

- Auk innleiðingarhópanna þriggja var skipaður yfirhópur um innleiðingu breytinganna sem á að starfa til ársloka 2022. Í honum sitja fulltrúar úr innleiðingarhópunum þremur.
- Yfirhópnum er ætlað að tryggja að samfella skapist í skipulagi skólahalds, frístundastarfs og samgöngumálum.
- Í hópnum sitja fulltrúar allra hagsmunaaðila hvers skóla : stjórnendur skólanna, frístundaheimila og félagsmiðstöðvar, fulltrúar nemenda, fulltrúar kennara, fulltrúar foreldra, skrifstofustjórar skóla- og frístundastarfs á SFS, framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvar Gufunesbær, fulltrúar annarra starfsmanna ásamt sérfræðingi í teymisvinnu og breytingum á skólastarfi.



Nemendafjöldi haustið 2020

Árgangur	Borgaskóli	Engjaskóli	Víkurskóli
1	32	30	
2	42	33	
3	40	39	
4	40	34	
5	52	32	
6	33	55	
7	47	27	
8			68
9			95
10			65
Samtals	286	250	228
Samtals	764		



Gleði í skólabyrjun

- Stjórnendateymi í skólununum og í frístundastarfinu hafa unnið mikilvæga vinnu í aðdraganda skólabyrjunar – *í skugga Covid*
- Heilmiklar framkvæmdir og upplyfting í húsnæðinu öllu
- Fræðsla og stuðningur við starfsstöðvar í anda nýsköpunar
 - Fundur með Samtökum iðnaðarins - Hugverkaráði
- Tvö fréttabréf hafa verið send út. Þau eru vistuð á upplýsingasíðu verkefnisins.
- Slóðin á síðara fréttabréfið sem fór út í síðustu viku

<https://www.smore.com/1z65w-nor-anver-ur-grafarvogur>



Skóla- og frístundastarf með nýsköpunarblæ

- Borgaskóli
 - Leiðsagnarnámið er leiðarljós í starfinu og mikil stefnumótunarvinna unnin í upphafi skólaársins.
- Engjaskóli
 - Val á miðstigi í Engjaskóla þar sem nemendur úr 5.-7. bekk blandast í tveimur síðustu tímunum á miðvikudögum. Valið er fjölbreytt og nemendur ánægðir með það sem í boði er.
- Víkurskóli
 - UGLAN: Samþætting faggreina, sem kallast Uglur í 8. og 9. bekk. Margar nýjar og áhugaverðar greinar eru í lotum í list- og verkgreinum. Má þar nefna sjónlistir, hönnun, nýsköpun, slökun, leiklist, léttir réttir og smiðjur.



Þeir fiska sem róa!

- Víkurskóli hefur fengið €43.060 (tæpar 6,9 m.) í styrk fyrir samstarfsverkefnið „STEAM FOR ALL“ úr menntaáætluninni Erasmus+. Um er að ræða tveggja ára langt samstarfsverkefni sem felur í sér samvinnu kennara og nemenda til að efla kennslu í vísindum, tækni, verkfræði, listum og stærðfræði.
- Verkefnið er leitt af skóla í Vantaa í Finnlandi en auk Víkurskóla taka þátt í verkefninu grunnskólar í Drachten í Hollandi, í Ermesinde í Portúgal og tveir skólar í Datcha og Adana í Tyrklandi.



Frístundastarfið

- Félagsmiðstöðin hlaut nafnið Vígyn eftir kosningu meðal barna og unglunga í hverfinu.
- Vígyn sér um starf fyrir börn í 5.-7. bekk í Engjaskóla og Borgarskóla. Opið er fyrir þess aldurshópa fjóra daga vikunnar.
- Félagsmiðstöðin er með góða aðstöðu í miðrými Víkurskóla. Starfsmenn Vígynjar eru allt starfsmenn með mikla reynslu og þekkingu í félagsmiðstöðvarstarfi og þekkja vel til í hverfinu þar sem þeir unnu áður í gömlu félagsmiðstöðvunum Dregyn og Púgyn.
- Starfsfólk Brosbæjar í Engjaskóla vann saman að því í sumar að undirbúa nýtt frístundaheimili og gekk það vel, þar dvelja 114 börn í 1.- 4. bekk, Gott samstarf hefur verið við starfsfólk Engjaskóla tengt sameiningunni og er starfsfólk Brosbæjar himinlifandi með betri og stærri aðstöðu þar sem mögulegt er að hafa sérrými fyrir hvern árgang
- Góðir hlutir að gerast í Hvergilandi, þar dvelja 117 börn í 1. – 4. bekk og þar starfa starfsmenn sem hafa reynslu bæði úr Hvergilandi og Galdraslóð, sem er mikill styrkur og gott fyrir börnin að þekkja starfsmennina.



Foreldrafélög í öllum skólum

- Allir þrír skólarnir eru mjög meðvitaðir um mikilvægi stofnunar foreldra og undirbúningur er hafinn í öllum skólunum.
- Covid er aðeins að þyngja róðurinn að ná til foreldra.
- Í einum skóla er unnið í samstarfi við SAMFOK.
- Búið er að kjósa bekkjarfulltrúa í einum skóla.
- Stefnt að því að kosningu og fyrstu fundum verði lokið í fyrri hluta októbermánaðar.



Skóla- og frístundaakstur

- Frá skólabyrjun hefur skólabíll ekið á morgnana úr Staðahverfi í Engjaskóla og Víkurskóla. Einnig hefur verið skólaakstur eftir hvern tíma í lok skóladagsins fyrir þá nemendur í Staðahverfi sem þess óska. Þar að auki er heimakstur úr frístundaheimilinu Brosbæ, fyrri ferð er kl. 16:30 og sú seinni kl. 16:45.
- Þeir nemendur sem vilja frekar fá strætókort en þiggja skólaakstur geta fengið það.